

VATNAMÆLINGAR  
17. skilagrein

Akureyri, 28. janúar, 1951.

Raforkumálsskrifstofan,  
Laugavegi 118,  
Reykjavík.

Garðsá í Ólafsfirði.

Síðan 28. des. s.l. hefur rafstöðin í Ólafsfirði notað allt vatn Garðsár og búið við vatnsskort stöku sinnum, t.d. á gamlaársdag, varð að stöðva stöðina og safna vatni í pollinn bak við inntaksstífluna, svo að hún gæti snúist um áramótin. Þeir blotar, sem komu á mið-norðurlandi dagana 22. og 23. janúar (samanber bréf um Gönguskarðsá) höfðu engin áhrif á vatnsmagn Garðsár.

Ég mældi Garðsá 26. þ.m. og þá að sjálfsögðu ofan við stífluna. Niðurstöður mælinganna sýndu frá 150 til 159 l/sek. Þann dag kl 10 var pollurinn fullur að lægstu skarðsbrún, svo lækkaði vatnsyfirborðið er á daginn leið. Um kvöldið kl. 21 til 23 tók aftur að safnast í pollinn, sem var nærri fullur næsta morgun, en þá var NA-stórhrið. Álagið varð nú ofurlítið meira en endranær vegna myrkurs og kulda. Kl. 19.20 þraut vatnið, svo að vélarnar stöðvuðust. Ég fylgdist með ánni þennan dag. Rennslið hélzt frá deginum áður þrátt fyrir hriðina, enda er áin víða undir snjó, svo að truflun á rennslinu orsakaði ekki myrkur kaupstaðarins, heldur vatnsskortur. Frá kl. 13 26. jan. til kl. 13 27 jan. var rafmagnsframlag um 2160 kwst.

Síðan heita lindin, sem féll í Garðsá, var leidd til Ólafsfjarðar-kaupstaðar nýtist pollurinn við stífluna ekki eins vel og áður, vegna þykkra ísskara. Kaupstaðurinn fær nú um 20 l/sek. af heitu vatni.

Þá athugaði ég Burstabrekkuá, en þar var rennslið mjög líkt og í Garðsá, eða um 9 l/sek pr. km<sup>2</sup>.

Hér að framan er sagt að djúpur snjór sé í Ólafsfirði. Jafnfallinn snjór er þar um 1 m. að þykkt, sem er talinn fremur lítill snjór í Ólafsfirði á þessum tíma vetrar, til samanburðar má geta þess að í Hólminum og á Langholtinu í Skagafirði er snjólagið 25 cm og þar muna vart elstu menn slík ósköp.

Virðingarfyllst,

Sigurjón Rist  
(sign)